

Skapandi sumarstörf í Langesbyggð

Sumarið 2025

Verkefnastjóri: Starkaður Sigurðarson

Skýrsla



Sumarið 2023 fór Langesbyggð af stað með verkefnið Skapandi sumarstörf í Langesbyggð og auglýsti eftir 2-3 hæfileikaríkum einstaklingum á aldrinum 16-24 ára sem langaði að vinna að sínum eigin verkefnum. Starfið var og er hugsað fyrir skapandi einstaklinga sem vilja efla listsköpun sína sem og menningarlífið í sveitarfélaginu. Með því gefst hæfileikaríku ungu fólki að vinna að sínum skapandi verkefnum, í hvaða formi sem þau eru t.d. leiklist, hönnun, myndlist, dans, ljósmyndun, ritverk o.fl.

Þetta árið var verkefnið í 7 vikur, en var bara 4 vikur fyrsta sumarið. Eins og árið áður þá endaði verkefnið í sýningu á Bryggjudögum. Helsta breytingin var að aldur þátttakenda var breytt úr 16-24 í 18-24 ára.

Í þessari skýrslu koma fyrst fram helstu punktar sem er hægt að taka úr verkefninu þetta árið.

Þáttakandi sumarstarfsmenn 2025: Hugbjört Lind Möller (Berghildur Ösp Júlíusdóttir og Heiðar Atli Einarsson sóttu einnig um en kusu á endanum ekki að halda áfram)

Það sem tókst vel:

- Eins og verkefnið er sett upp í dag þá vann Hugbjört nokkurn veginn eins og best væri á kosið. Þ.e.a.s. Hugbjört var fullkominn þáttakandi. Sjálfstæð, skilvirk, áhugasöm, lausnamiðuð. Hún gat notað tímann til að þróa sína hæfileika og var tilbúin með mjög flott og metnaðarfull verk í lok tímabilsins.
- Staðsetning sýningarinnar hennar Hugbjartar hentaði mjög vel fyrir dagskrá Bryggjudaga.
- Mjög margir sáu verkin hennar og keyptu af henni súkkulaði og kransakökubita. Hún seldi upp á 60.000kr.
- Það sóttu (tæknilega) fleiri um þátttöku núna en árið áður, við fengum inn 3 umsóknir, sem er met. Þó það hafi ekki gengið upp á endanum og einungis 1 tók raunverulega þátt.
- Frábært að geta lengt tímabilið í 7 vikur (upp frá 6 í fyrra og 4 vikum 2023).
- Það er áhugi á svona verkefni hjá fólki, Hugbjört fékk mjög góð viðbrögð á verkum hennar.
- Samstarf við Bryggjudaga gekk ágætlega.
- Verkefnið er enn að spyrjast út. Það má auðvitað auglýsa það betur, en í heildina er þetta frábært verkefni sem gefur þátttakendum tækifæri til að sinna því sem þeim finnst virkilega áhugavert. Það er ómetanlegt, tækifæri sem gefst ekki oft.
- Flott að hafa efniskostnað í boði fyrir þátttakendur.
- Hugbjört fékk viðtal við utanaðkomandi sérfræðing sem verkefnastjóri stillti upp. Þar gat Hugbjört talað við og kynnst einhverjum með reynslu af því að gera svipaða/tengda hluti og hún var að fást við.

Það sem má skoða/gera betur:

- Þarf að setja verkefninu fastari skorður? Er rammi til fyrir það? Eða er eðli verkefnisins að gefa þátttakendum mikið sem mest frelsi?
- Þarf að endurskoða hvað við viljum úr verkefninu? Hvað er ásættanleg útkoma fyrir verkefnið? (Frá mér séð þá gekk verkefnið hennar Hugbjartar rosalega vel. En kannski þurfa sumarstörfnir að vera eitthvað meira en bara það?)
- Það mætti auglýsa verkefnið fyrr á árinu. Þetta var markmið í fyrra líka en gekk ekki upp. Sumarstörfnir voru auglýst 8. maí, seinna en í fyrra. Það væri gott að auglýsa verkefnið í mars ef hægt er.
- Það þarf að vera skýrt fyrir umsækjendur að það sé ekki leyfilegt að vinna bæði í Skapandi sumarstörfunum og í áhaldahúsinu. Þetta var leiðinleg flækja með Heiðar og Berghildi sem hefði kannski verið hægt að komast hjá.
- Verkefnið þarf að finna varanlega heimili innan Langanesbyggðar þannig að það sé ljóst hver sinnir hverju.

Um verkefnið:

Starfið er mótað að áhugasviði einstaklingsins og er starfið að mestu leyti sjálfstætt en munu þátttakendur fá leiðsögn frá verkefnastjóra ásamt reglulegum stöðufundum.

Starfshlutfall í samkomulagi við umsækjendur allt að 100% og vinnutíminn getur verið sveigjanlegur.

Sveitarfélagið skaffar aðstöðu ef við á.

Þetta er þróunarverkefni með það að markmiði að gefa skapandi einstaklingum í samfélaginu okkar tækifæri á að vinna að listsköpun sinni og um leið efla menningarstarfið á einn eða annan hátt, t.d. með sýningu á Bryggjudögum.

Umsækjendur skila inn kynningarbréfi um sig, áhugasvið sín og gera grein fyrir þeim hugmyndum og verkefnum sem umsækjandi vill vinna að í sumar.

Verkefnastjóri er Starkaður Sigurðarson. Hann mun vera ráðgefandi ásamt því að hafa milligöngu um faglegar ráðleggingar ef við á. Starf verkefnastjóra er, sem viðmið, 20% starf yfir tímabilið, sem var í þetta skiptið 7 vikur.

Starkaður Sigurðarson og aðalmaður í Atvinnu- og nýsköpunarnefnd LNB fara yfir umsóknir og hafa umsjón með verkefninu og þróun þess.

Launin eru sambærileg og hjá eldri ungmönnum í sumarstarfi áhaldahúss.

Með þessu verkefni viljum við efla menningarstarf í Langanesbyggð og gera ungmönnum sveitarfélagsins kleift að vinna að listum sínum og miðla til annara.

Á næsta ári, 2026, bjóðum við aftur ungu hæfileikaríku fólki á aldrinum 18-24 ára að vinna að sínum verkefnum og er stefnt að því að hafa verkefnið í 6-7 vikur í júní og júlí sem lýkur svo á Bryggjudögum þar sem þátttakendur geta sýnt afrakstur verkefnisins.

Framkvæmdin:

Þrjár umsóknir bárust: Hugbjört Lind Möller, (2005), Berghildur Ösp Júlíusdóttir (2004) [þriðja árið í röð], og Heiðar Atli Einarsson (2007) [annað árið í röð].

Hugbjört fór strax af stað að panta efni og skipuleggja. Hún var með skýra hugmynd og verklag. Hún gat því miður ekki notað eldhúsið í íþróttahúsinu eins og við lögðum upp með þar sem það var of lítið og vélakostur ekki nógu góður fyrir það sem hún var að vinna. En hún gat notað aðstöðu heima hjá sér, sem betur fer. Ef hún hefði ekki haft aðgang að eldhúsinu á Ytra lóni þá hefði hún ekki getað unnið verkefnið.

Við funduðum nokkuð oft, stöðufundur alltaf einu sinni í viku en svo tilfallandi verkefnisfundir

og símtöl á milli. Hugbjört er mjög sjálfstæð og vann sín verk með mikilli natni og færni. Það var mjög gaman að fylgjast með henni, hún var gríðarlega áhugasöm og drífandi. Ég þurfti í raun og veru lítið að stýra henni, mitt starf var frekar að gefa álit og leysa praktísk mál sem komu upp.

Ég bauð Hugbjörtu viðtal við sérfræðing, sem hún þáði. Berglind Erna Tryggvadóttir, listamaður, talaði við hana net leiðis í klukkutíma eða svo. Þar kynnti Berglind sig og sína vinnu fyrir Hugbjörtu og spurði hana síðan út í hennar eigin verk og hvað hún var að hugsa með sýninguna. Þetta gekk vel og Hugbjört sagðist hafa fengið ýmislegt út úr þessu viðtali.

Við vorum í sambandi við skipuleggjendur Bryggjudaga til að finna stað fyrir Hugbjörtu í dagskránni. Nokkrir staðir komu til greina en á endanum ákváðum við að setja upp bás fyrir hana í anddyrinu á Íþróttahúsinu á meðan aðal dagskráin var í gangi þar. Það gekk mjög vel upp. Það var frábært veður og mjög margir komu þarna í gegn og verkin hennar vöktu töluverða athygli.

Hugbjört var með konfekt (3 brögð) og kransakökubita til sölu. Súkkulaði smakk fyrir gangandi. Og svo þrjú stór skrautstykki til sýnis. Eitt úr súkkulaði, nokkurskonar skúlptúr með súkkulaðiblómum. Eitt úr kexhveiti, sem var vindmylla sem gat snúist. Og svo hrútur úr kransakökudeigi, voldugur. Hún hafði áorkað mikið á tímanum og við ákváðum í sameiningu að hún myndi reyna vera með eins mikið og hún gat til sölu líka. Hún ákvað að selja konfektid og litla kransakökuhrúta. Hún seldi síðan mest allt sem hún hafði komið með og endaði á að selja fyrir um 60.000kr á þeim 2-3 tímum sem hún var með básinn opinn, sem ég tel vera frekar við gert.

Eins og ég sagði hér fyrir ofan var Hugbjört drauma þátttakandi í verkefninu eins og því er stillt upp núna. Hún fékk þarna tækifæri til að elta hugmyndir sem hún hafði þróað með sér eftir útskrift úr bakaraiðninni, gera tilraunir og prófa hluti. Það sem kom úr þessum tilraunum var af háum staðli og fagmannlega gert.

Það kom í ljós að Begga og Heiðar voru bæði að vinna líka í áhaldahúsinu en það gengur ekki upp, ekki er hægt að vera í fullri vinnu í Skapandi sumarstörfum og áhaldahúsinu á sama tíma. Eftir að hafa talað mikið við þau bæði og rætt stöðuna og mögulegar lausnir þá kusu þau bæði á endanum að vera frekar í áhaldahúsinu. Ég skil þá ákvörðun að einhverju leyti, það getur verið snúið, og krefjandi, að vinna svona sjálfstætt eins og er beðið um í þessari vinnu, og erfitt að skipuleggja tímann sinn sjálfur.

Á hinni hendinni þá fannst mér leiðinlegt að sjá að þau sáu ekki möguleikana í Skapandi sumarstörfunum og tækifærin. En þetta er alltaf hættan með svona verkefni, þegar eitthvað einfaldara og öruggara er í boði (og möguleikinn er á að vinna með vinum sínum hugsanlega eða allavegana með öðru fólki) þá er auðveldara að vera í áhaldahúsinu. Begga sérstaklega talaði um að það er erfiðara að vakna og fara í vinnuna þegar maður er sjálfur að halda utan um tímana sína og „þarf“ ekki að mæta kl 8 nema maður kjósi það sjálfur.

Hvað mátti betur fara?

Umsóknarfrestur hefði mátt vera lengri og starfið auglýst fyrr.

Mögulega þarf að endurhugsa verkefnið í ljósi þess að það var bara einn sem vildi raunverulega taka þátt í því í sumar. Frá mér séð er þetta ennþá frábært tækifæri fyrir unga manneskju að prófa að vinna við eitthvað skapandi, eitthvað sem þau hafa áhuga á. Tækifæri sem er ekki endilega auðvelt að finna annarsstaðar. En við þurfum bara að ræða það.

Eins og við ræddum í fyrra þá mætti Langesbyggð auglýsa verkefnið betur á sínum miðlum og þá með sérstakri merkingu eða útliti. Það væri t.d. áhugavert að fá grafískan hönnuð til að gera lítið lógo sem væri hægt að nota fyrir Skapandi sumarstörfin og í kynningarefni. Það þarf kannski líka að fara yfir hver sér um það að auglýsa verkefnið á síðum Langesbyggðar.

Hugsanlega væri gott að setja saman Facebook síðu/instagram fyrir verkefnið? Best væri að vinna þetta fyrir utan tímabilið, t.d. vetur/vor áður en verkefnið er auglýst.

Skapandi sumarstörf 2026, hugmyndir:

Byrja að auglýsa verkefnið eigi síðar en í mars 2025. Verkefnið verður í 6-7 vikur frá byrjun júní og fram að bæjarhátíðinni Bryggjudögum.

Stefnum á að setja saman merkingu/„look“ fyrir verkefnið í byrjun árs 2026. Reyna að auglýsa síðan á sem flestum miðlum sem unga fólk er að nota. (Það er einhver kostnaður í þessu.)

Það væri gott að taka fund um framtíð verkefnisins og stöðu þess. Sérstaklega í ljósi þess að nefndin er að tala um að halda betur utan um verkefnið og finna því varanlegri stað innan stjórnsýslunnar.